



Starfsreglur vinnuskóla Grímsnes- og Grafningshrepps

Vinnuskólinn stendur yfir frá 10. júní til og með 18. júlí 2024.

Vinnutími er frá 8:00 – 14:00 og er mætt við frístundaraðstöðu í Stjórnsýsluhúsinu nema annað sé tilgreint.

Markmið vinnuskóla Grímsnes- og Grafningshrepps er að bjóða upp á:

- hollt og uppbyggjandi sumarstarf fyrir ungmenni í sveitarfélaginu
- fjölbreytt verkefni
- kennslu í faglegum vinnubrögðum
- fræðslu um notkun og meðferð algengra verkfæra og um náttúru og umhverfi
- reynslu og þekkingu sem að gagni kemur á sviði verklegra framkvæmda

Með umsókn um starf í vinnuskólanum skrifar ungmenni undir að fara eftir reglum sem þar gilda í hvívetna, jafnframt er litið svo á að viðkomandi sé að sýna áhuga á að taka þátt í starfi skólans. Allir starfsmenn vinnuskólans í Grímsnes- og Grafningshrepp skulu stunda sína vinnu af stundvísi. Ungmenni eiga að mæta á hverjum degi til vinnu nema til komi veikindi eða leyfi. Geðþóttamæting er ekki liðin. Foreldrar/forráðamenn skulu tilkynna beint til umsjónarmanns vinnuskólans um veikindi eða leyfi, með því að hringja. Smáskilaboð (SMS) eru ekki tekin gild. Ekki er gert ráð fyrir sumarleyfi í Vinnuskólanum. Dónaskapur starfsmanns eða ungmennis gegn öðrum verður ekki liðin.

- Ungmönnum í vinnuskólanum ber að vinna þau verkefni sem þeim eru falin án þess að ganga þurfi eftir því að þau haldi sig að verki.

- Ungmennin skulu sýna öllum samstarfsmönnum sínum og yfirmönnum vinnuskólans, svo og öllum íbúum sveitarfélagsins fyllstu kurteisni þegar þau eru við vinnu.

- Símar skulu vera stilltir á hljóðlaust og ekki notaðar sem samskiptatæki á vinnutíma vinnuskólans. Engin ábyrgð er tekin á slíkum tækjum á vinnutíma.

- Vinnuskólinn er tóbaks-, nikótínþúða-, rafrettu- og vímuefnalaus vinnustaður.

- Ungmenni bera ábyrgð á eigin eigum í vinnutíma. Engin ábyrgð er tekin á persónulegum hlutum sem komið er með til vinnu og eru ekki nauðsynlegir til starfsins.

- Ungmenni bera virðingu fyrir starfinu og fara vel með verkfæri.

- Ungmenni skulu mæta til vinnu klædd eftir veðri og með nesti við hæfi.

- Laun eru greidd fyrir fræðsludaga ef viðkomandi tekur þátt í allri dagskránni af fullri einurð.

- Ungmenni leggja sér sjálf til allan hlífðarfatnað og skal hann vera samkvæmt aðstæðum og verkefnum. Öllum er ráðlagt að hafa með sér bakpoka og merkja fatnað, skó og stígvél. Ekki er heimilt að fara heim á vinnutíma til að sækja föt/nesti.

- Verði misbrestur á að ungmenni fylgi reglum Vinnuskólans er viðkomandi áminnt/ur. Verði áfram misbrestur á hegðun er samband haft við foreldra og er skólanum heimilt að vísa ungmenni úr starfi, tímabundið eða varanlega eftir eðli brots.

Einelti á vinnustaðnum verður ekki liðið, berum virðingu fyrir hvort öðru og verum góð við hvort annað, um leið og við skulum hafa gaman af vinnunni og njóta þess að vera saman.



Matarhlé

Það er tekinn stuttur kaffitími klukkan 10:00 þar sem ungmennin geta borðað nesti. Matarhlé er tekið klukkan 12:00 og geta ungmennin fengið hádegismat í mötuneyti sveitarfélagsins á meðan það er opið (til 28. júní). Hver máltíð kostar 685 kr. og er dregin af launum. Eftir það, og ef þau kjósa að nýta ekki mötuneytið, þarf að taka með sér hádegismat að heiman.

Veikindi/leyfi

Foreldrar verða að tilkynna forföll og veikinda barna sinna til umsjónarmanns vinnuskólans. Einungis er tekið við tilkynningum frá foreldrum eða forráðamönnum. Nauðsynlegt er að tilkynna veikindi alla daga sem þau standa yfir. Veikindadagar eru ekki greiddir.

Skattkort

Allir launþegar á Íslandi sem eiga hér fasta búsetu og hafa náð 16 ára aldri eiga rétt á svokölluðum persónuafslætti og er skattkortið til þess gert að halda utan um það. Árið 2016 voru öll skattkort gerð rafræn. Ekki er þörf á að skila inn skattkorti. Nemendur 10. bekkjar þurfa að senda á gudnyh@gogg.is, stöðu persónuafsláttar ef hann skal nýttur. Til að finna stöðu persónuafsláttar er farið á skattur.is, eftir innskráningu má sjá neðarlega á síðunni flipann "Yfirlit til launagreiðenda". Gott er að taka skjáskot af þessari síðu og senda á gudnyh@gogg.is.

Hvert fara launin?

Launin eru lögð inn á bankareikninga ungmennanna og þurfa því allar bankaupplýsingar að fylgja umsókn. Aðeins er hægt að nota bankareikning í eigu ungmennisins.

Laun á tímann án orlofs

2011	7.bekkur	978 kr
2010	8.bekkur	1222 kr
2009	9.bekkur	1345 kr
2008	10.bekkur	1540 kr

Umsjónarmaður vinnuskólans er **Guðmundur Björgvin Guðmundsson**, s: 775-1829
(gudmundur@gogg.is)